

EFTIRLITSSKÝRSLA

Primex, Siglufirði Siglufjörður



Dags eftirlits	11.5.2015	Fulltrúi UST	Guðbjörg Stella Árnadóttir
Fyrirtæki	Primex, Siglufirði	Fulltrúi UST	Bergþóra Hlíðkvist Skúladóttir
Heimili	Óskargötu 7	Tegund eftirlits	Reglubundið
Kennitala	681197-2819	Flokkur	Verksmiðja
Fulltrúi fyrirtækis	Guðný Helga Kristjánsdóttir	ÍSAT nr.	
Fulltrúi fyrirtækis	Rúnar	Staðsetning	504514,193 628305,621

NIÐURSTAÐA EFTIRLITS

Engin frávik komu fram við eftirlit en athugasemd var gerð varðandi of litla lekavarnarþró við vítissóðageymi.

UMFANG EFTIRLITS

Farið var yfir starfsleyfi og minnt á skiladag skv. því.

Starfsleyfi rekstraraðila rann út þann 1. febrúar sl. Búið er að vinna tillögu að nýju starfsleyfi og hefur rekstraraðili fengið tillöguna til fyrirlestrar. Beðið er eftir gögnum frá Mannvirkjastofnun varðandi brunavarnir en að öðru leiti eru öll gögn komin inn vegna endurnýjunar starfsleyfis. Verða gögnin send um leið og þau berast rekstraraðila. Rekstraraðili er með undanþágu frá umhverfis- og auðlindaráðuneytinu þar til nýtt starfsleyfi verður gefið út, en þó ekki lengur en til 1. júní 2015.

Búið er að framkvæma mælingar í frárennsli skv. gr. 3.1 og verða niðurstöður þeirra mælinga sendar eftirlitsaðila um leið og þær berast. Sýnin voru tekin af Náttúrustofu Vestfjarða og verða greind hjá BioPol.

Frárennslisrör liggur 26m út í sjó og niður á 8m dýpi, engin hreinsun er á frárennslinu. Ekki var að sjá neina litabreytingu á sjónum við útrás og engin fugl var á sveimi yfir frárennslinu. Greinilegt uppstreymi var að sjá á sjávarfletinum fyrir ofan enda útstreymislagnarinnar. Allt frárennsli frá vinnslu Ramma ehf. fer í lokuðu kerfi, yfir til Primex þar sem rækjuskelin fylgir með til vinnslu.

16. febrúar fór fram botnsýnataka á þeimur sýnatökustöðvum í kringum frárennsli verksmiðjunnar. Niðurstöður þeirrar skoðunar voru afhendar í eftirliti og kom fram að fjöldi burstaorma hafði hækkað frá árinu 2002 en þó ekki orðin eins hár og árið 1998. Ekki virðast vera miklar breytingar á fjölbreytileika eða fjölda burstaorma á sýnatökustöðvunum á milli ára.

Engin förgun er á rækjuskel þar sem allt er nýtt til vinnslunnar.

Engin ólykt var í kringum verksmiðjuna og umhverfi hennar að mestu snyrtilegt, það sem tilheyrir lóð rekstraraðila.

Engar breytingar hafa verið á efnanotkun í rekstrinum og engar kvartanir hafa borist rekstraraðila né eftirlitsaðila frá síðasta eftirliti. Engin óhöpp hafa orðið hjá rekstraraðila frá síðasta eftirliti.

Búið er að loka niðurfalli í geymslurými við hlið lekavarnarþróar undir vítissóðageymi eins og bent var á í síðasta eftirliti. Til stendur að gera breytingar á fyrirkomulagi vítissóðageymis þar sem stefnt er að byggingu vítissóðaverksmiðju á næstu lóð. Þá verður innstreymið í lokuðu kerfi, beint frá verksmiðjunni. Reiknað er með að verksmiðjan geti hafið starfsemi um mitt næsta ár.

ATHUGASEMDIR

Athugasemd var gerð við of litla lekavarnarþró í kringum vítissóðageymi en til stendur að breyta fyrirkomulagi varðandi það með tilkomu vítissóðaverksmiðju á næstu lóð.

ANNAÐ


Verksmiðjan hefur ekki verið keyrð á fullum afköstum vegna skorts á hráefni (rækjuskel).

Vinna við próteinverkefni þar sem miðað er við að ná próteini og kalki úr frárennslinu og vinna það sem aukaafurð, er enn í gangi. Styrkur hefur fengist til verkefnisins og eru næstu skref í undirbúningi.

Sett hefur verið upp rafnef í verksmiðjunni sem nemur efnaleka og sendir frá sér viðvörun fari styrkur efnis í andrúmslofti yfir ákveðin viðmiðunarmörk.

Efnavörueftirlit fór einnig fram samhliða reglubundnu eftirliti.

Reykjavík, 21.05.2015



Guðbjörg Stella Árnadóttir

- 1 Frávik: Framkvæmd telst ekki í samræmi við kröfur sem settar eru fram í starfsleyfi, lögum eða reglugerðum.
- 2 Athugasemd: Ástand sem eftirlitsmaður telur vert að vekja athygli á í þágu heilsuverndar, umhverfisverndar og öryggis en sem ekki geta talist frávik.